



Fornleifaskráning

vegna mats á umhverfisáhrifum
fyrirhugaðrar vegagerðar frá
Berserkseyri að Vindási í
Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu.



Bjarni F. Einarsson 1999

Forsíðumyndir sýnir Dysina á Dysar- eða Dýsarholti, sem gæti verið kuml úr heiðnum sið. Ljós. B.F.E.

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Nóvember 1999

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar kannaði undirritaður fyrirhugað vegastæði Snæfellsnesvegur (57) í Kolgrafafirði í Eyrarsveit. Þrjár leiðir, leið 1 – 3, voru kannaðar með tilliti til fornleifa. A.m.k. 50 m breið skák var könnuð sin hvorum megin við veglínurnar. Hið fyrirhugaða vegastæði nær frá bænum Berserkseyri að bænum Vindási. Leið 1 er 7,25 km., leið 2 11,98 km. og leið 3 13,45 km. Leið 2 og 3 liggja að verulegu leyti saman suður fyrir Kolgrafafjörð, en leið 1 liggur yfir hann að norðanverðu. frá Kolgrafaodda að Hjarðarbólsodda.

Farið var í gegn um helstu heimildir, svo sem Sýslu- og sóknarlýsingar, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Frásögur um fornaldarleifar, Árbók Hins íslenska fornleifafélags, Friðlýsingarskrá, Túnakort og heimildir á Örnefnastofnun (sjá nánar kaflann um heimildir í lok skýrslu).

Allar veglínur, heimreiðar einnig, voru kannaðar á vettvangi og gengið úr skugga um hvort og hve margar fornleifar kynnu að finnast á þeim eða við þær. Einnig voru efnistökusvæði (námur) könnuð. Sérstaklega skal tekið fram að fornleifar fundust utan við hið kannaða svæði, en voru ekki skráðar sérstaklega. Sumar þeirra eru merktar inn á kort, svo sem mógrafir sinn hvorum megin við fjörðinn og nátthagi við Eiði. Þessar fornleifar eru ekki í hættu svo fremi sem veglínurnar verði ekki breytt. Þetta á ekki við þar sem sérstaklega er stungið upp á færslu veglína.

Vettvangsvinna fór fram á tímabilinu 16. – 18. nóvember síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar, einar eða fleirri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleirri fornleifar. Í Eyrarsveit var byrjað á nr. 33, í beinu framhaldi af fyrri skráningu Fornleifafræðistofunnar í sveitarfélaginu.

Umboðsmaður verkkaupa var Steinn L. Sveinsson Vegagerðinni, og umsjónarmaður verkkaupa Þóra Vala Haraldsdóttir Vegagerðinni. Ábúendur á Berserkseyri, Kolgröfum og Eiði veittu ýmsar gagnlegar og afgerandi upplýsingar um fornleifar á svæðinu. Kann ég þessum aðilum öllum kærar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf.



Mynd 1. Naust yst á Hjarðarbólsoddanum norðanverðum (nr. 34:1-2). Steinaraðirnar sýna innri og ytri brún gaflsins. Í byrjun þessarar aldar var gert út á hrognkelsa frá þessu útræði. Horft er til NA. Ljós. B.F.E.

Fyrstu heimildir

Í Landnámabók stendur: „*Kolr hét maðr, er land nam útan {frá} Fjarðarbotni til Tröllaháls ok út um Berserkseyri til Hraunsfjarðar. Hans son var Þórarinn ok Þorgrímr; við þá er kennt Kolssonafell. Þeir feðgar bjöggu allir at Kolgröfum; frá þeim eru Kolgreflingar komnir.*“ (Íslendingabók-Landnámabók 1968:119-121).

Kolur hefur sem sagt numið allt land frá botni Kolgrafafjarðar út að Berserkseyri og inn Hraunsfjörðinn, eða frá Slýá í Kolgrafafirði að Botnsá í Hraunsfirði (Haraldur Matthíasson 1982:169-70).

Austurströnd fjarðarins hefur tileyrt landnámi Vestars Þórólfssonar Blöðruskalla. Í Landnámu stendur: „*Vestarr fór til Íslands með föður sinn afganglan ok nam Eyrarland ok á millim Kirkjufjarðar ok Kolgrafafjarðar ok bjó á Öndverðri Eyri. Þeir Þórólfr feðgar eru báðir heygðir á Skallanesi.*“ (Íslendingabók-Landnámabók 1968:119)¹. Öndverð Eyri er sama og Hallbjarnareyri. Eyrarland gæti hafa náð yfir allt nesið á milli Kolgrafafjarðar og Kirkjufjarðar (nú Grundarfjarðar), inn að Slýá í botni Kolgrafafjarðar. (Haraldur Matthíasson 1982:168-69). Talið er að bær Vestars hafi fyrst staðið lítið eitt innar í Kolgrafafirði, eða þar sem heitir að Tóftum. Sá staður er talsvert norðan við Hjarðarból og kemur því ekki við sögu hér.

Ekki er vitað nákvæmlega hvar býli Kols stóð, en það hefur væntanlega verið í námundan við þann stað sem Kolgrafir stenda nú. Líklegt er þó að bærinn hafi staðið neðar í brekkunni, fornþæir standa yfirleitt ekki jafn ofarlega í hlíðum fjalla og Kolgrafir gera nú. Þó gæti svæðið norðaustan við bæinn, niður af þjóðveginum, komið til greina. Þar eru tún í dag, en undir grassverðinum gætu leynst rústir.

¹ Báðar tílvitnanirnar úr Landnámabók eru úr Hauksbók.

Í kirknatali Páls biskups Jónssonar, frá því um 1200 er kirkja sögð vera í Kolgrafafirði (Í.F. XII. Bindi. 1923-32:11). Ekki kemur fram hvort átt sé við að kirkjan hafi verið að Kolgröfum eða ekki.

Þann 27. júní 1516 er partur úr Kolgröfum seldur (Í.F. VIII. Bindi 1906-1913:587) og aftur þann 13. des. 1530 (Í.F. IX. Bindi 1909-1913:557).

Árið 1360 er hluti af Berserkseyri seldur (Í.F. VI. Bindi 1900-1904:12) og árið 1454 gera bændur að Berserkseyri og Þórustaða með sér samning um landamerki jarðanna (Í.F. V. Bindi 1899-1902:118).

Hrafnkelsstaða er hvergi getið í heimildum öðrum en Manntali á Íslandi árið 1703 og yngri manntölum (Manntal á Íslandi árið 1703. Reykjavík 1924-1947:119). Fór býlið í eyði árið 1907 (Byggðir Snæfellsness. Reykavík 1977:421). Hjarðarbóls er getið í sömu heimildum og fór það býli í eyði um miðja þessa öld.


Skráningin

Engar rústir eru friðlýstar á hinu kannaða svæði, en rústir hins forna bæjar að Öndverðareyri (heitir í dag Hallbjarnareyri) eru næstu friðlýstu rústir (Fornleifasrká 1990:26). Þær eru ekki í nokkuri hættu vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda. Var staðurinn ekki kannaður.

Skv. þjóðminjalögum frá 1990, með síðari breytingum, eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi fornleifanefndar (17. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

Samtals fundust a.m.k. 24 fornleifar á 12 stöðum á hinu kannaða svæði. 11 þeirra eru í Eyrarsveit og einar í Helgafellssveit. Fimm staðanna geymdu tvær eða fleir fornleifar. Sjö geymdu aðeins einar. Á sumum staðann geymast vafalaust fleiri fornleifar, sérstaklega þar sem eyðbýlin, eða meint eyðibýli, eru. Við aðrar aðstæður, svo sem fyrr á árinu, meiri birtu, úr lofti o.s.frv. gætu þessar rústir komið í ljós.



Mynd 2. Yfirlit yfir dreifingu fornleifa. Á myndina vantar garð í Helgafellssveit (nr. 1:1). Er hann utan við kortið, í Hraunfirði.

Nr.	Teg	Fj.	Hættunot	Hættu	Ástand	Aldur	Minjagildi	Fríðlyst	Áaðmerkja?
Helgafellssveit.									
1:1	Garður	1	Efnistaka	Mikil	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
Eyrarsveit.									
33:1-3	Gerði og rúst	4	Ekkert	Engin	Sæm.	-1550	Hátt	Nei	Já
33:1	Gerði	1	Ekkert	Engin	Sæm	-1550	Talsvert	Nei	Já
33:2	Gerði	2	Ekkert	Engin	Sæm.	-1550	Talsvert	Nei	Já
33:3	Rúst	1	Ekkert	Engin	Lélegt	-1550	Talsvert	Nei	Já
34:1-2	Útræði	>2	Vegagerð	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
34:1	Naust	1	Vegagerð	Mikil	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
34:2	Rúst	1	Vegagerð	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
35:1-4	Eyðibýli?	>5	Vegagerð	Mikil	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
35:1	Rétt	1	Vegagerð	Mikil	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
35:2	Rúst	1	Vegagerð	Lítill	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
35:3	Rúst	1	Vegagerð	Lítill	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
35:4	Rúst og túngarð.	2	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
36:1	Varða	1	Vegagerð	Lítill	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
37:1-2	Rústir (eyðib.?)	>2	Vegagerð	Lítill	Ágætt	-1550	Hátt	Nei	Já
37:1	Rúst	1	Vegagerð	Lítill	Ágætt	-1550	Hátt	Nei	Já
37:2	Rúst	1	Vegagerð	Lítill	Ágætt	-1550	Hátt	Nei	Já
38:1-n	Eyðibýli	>4	Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1900	Hátt	Nei	Já
39:1	Naust	1	Landeyðing ²	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
40:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
41:1	Dys (kuml?)	1	Vegagerð	Mikil	Sæm.	-1550	Hátt	Nei	Já
42:1	Rúst	1	Vegagerð	Mikil	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
43:1	Stekkur	1	Vegagerð	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar.

Af þessum 12 stöðum teljast fjórir hafa hátt minjagildi.

Einn staðurinn, nr. 33:1-3, hefur hátt minjagildi, þó einstakar rústir staðarins teljist hafa talsvert minjagildi. Gildi staðarins felst í heildinni. Einn staðanna, dysin (kumlið?) nr. 41, eru í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda. Hinir þrír, sem hafa hátt minjagildi, eru í lítilli hættu (sem þó er til staðar), þar af einn vegna annars hættuþáttar, ábúðar.

Aðeins tvær fornleifar eru taldar í ágætu ástandi, líklegar fornar rústir í Kotamýri, innarlega í firðinum austanverðum, nr. 37:1-2. Í sæmilegu ástandi eru 11 fornleifar á sjö stöðum. Í lélegu ástandi voru 11 fornleifar á sjö stöðum.

Í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu vegaframkvæmda voru átta fornleifar á sjö stöðum (sjá rauðan lit við staðina á mynd 2). Í lítilli hættu eru níu fornleifar á fjórum stöðum (sjá bláan lit við staðina á mynd 2). Í engri hættu voru sjö fornleifar á þrem stöðum (sjá grænan lit við staðina á mynd 2).³

² Staðurinn er einnig í mikilli hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar.

³ Staður nr. 35:1-4 er í heild sinni talinn í mikilli hættu, þó einstakar rústir séu sumar í mikilli hættu, aðrar í lítilli hættu og enn aðrar í engri hættu.



Mynd 3. Dysin (kumlið? nr. 41:1). Horft er til NNV. Ljós. B.F.E.

Ástæða þykir að friðlýsa þrjár fornleifar á svæðinu. Þær eru; fornlegar rústir í Kotamýri, nr. 37:1-2 og Dysin, sem gæti verið kuml, nr. 41:1.

Mógrafir hafa víða verið í firðinum, enda kemur fram í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns að móskurður hafi verið á nær hverjum bæ og jafnvel nægjanlegur í landi Eiðis (Jarðabók 1931-33:305-309). Jarðbókin dregur frekar úr hlunnindum en ekki. Mótaks er einnig getið í Sýslu- og sóknarlýsingu (1970:167, 172 og 283-4). Helstu svæði með mógröfum eru merkt á kort, sjá mynd nr. 2 og fylgirit. Fleiri svæði eru örugglega til, en ekki sýnileg lengur þar sem þau hafa fallið saman og gróið upp.

Í lýsingu Setbergssóknar frá 1873 er sagt að gott skipalægi sé í Kolgrafafirði, einkum innan Oddana. Er þetta haft eftir Frökkum og Dönum (Sýslu- og sóknarlýsingar 1970:259). Þetta vekur upp þá spurningu hvort kafa þurfi á svæðinu á milli Hjarðarbólsodda og Kolgrafaodda verði leið 1 fyrir valinu. Þjóðminjasafn Íslands ákvarðar í því máli. Sjóminjar eru friðaðar skv. Þjóðminjalögum svo sem skipsflök og hlutar úr þeim (Þjóðminjalög, 16. gr).

Efnistökusvæði (námur)

Fjögur efnistökusvæði eru ráðgerð á svæðinu og eru þrjú þeirra enn í notkun eða hafa nýlega verið notuð. Þessi fjögur efnistökusvæði eru; a) við aflagða laxeldisstöð í Hraunfirði (ekki á meðfylgjandi kortum), b) á hluta Berserkseyrar, c) austan megin í Klakki og d) skammt vestur af heimreiðinni að Eiði. Öll þessi svæði voru skoðuð og aðeins fundust minjar við fyrst talda efnistökusvæðið, a). Var garður, eða garðsbrot, í jaðri fyrirbyggjandi námu á staðnum. Minjarnar eru taldar hafa lítið minjagildi og ekki talin þörf á annari rannsókn en ljósmyndun og nákvæmari staðsetningu.

Mótvægisáðgerðir

Allar mótvægisáðgerðir miðast aðalega við að breyta ekki þeim leiðum sem valdar hafa verið, sbr. mynd 2 og fylgirit. Í vissum tilfellum er þó stungið upp á færslu leiðar sem valkost.

Í Helgafellssveit eru fornleifar í jaðri efnistökusvæðis sem mælt er með að verði skoðuð nánar (sjá kaflann um Efnistökusvæði (námur)).

Leið 1.

Verði leið 1 valin er mælt með eftirfarandi mótvægisáðgerðum: Verði ekki hægt að tryggja öryggi fornleifanna við útræði, nr. 34:1-2, þarf að kanna þær frekar. Verði hægt að tryggja að engar athafnir verði norðan við núverandi veg er engra aðgerða þörf. Einnig væri hægt að færa veginn um nokkra metra til suðurs.

Á Hjarðarbólsodda eru leifar af nausti, nr. 39:1, sem þarf að kanna með rannsókn. Þær munu eyðileggjast vegna vegaframkvæmdanna og breyttar aðstæður í sjónum gætu einnig riðið þeim að fullu. Rústin sem nú sést var notuð fram á þessa öld við hrognkelsaveiðar, en heimildir segja að slíkar veiðar hafi einnig verið stundaðar um 1800 (Sýslu- og sóknarlýsingar 1970:288).

Á Dysar- eða Dýsarholti eru tvær fornleifar sem þarf að kanna nákvæmlega. Annarsvegar er það dys (kuml?), nr. 41:1, og hins vegar rúst, nr. 42:1, þar skammt hjá.

Dysin (kumlið?) eru afar viðkvæmar fornleifar og minnsta hnjask getur eytt þeim. Óvarkár akstur eða snúningur vinnuvéla utan vegar o.fl. eyðir slíkum minjum á augabragði. Áætluð veglína liggur aðeins 20 m frá dysinni (kumlinu?) og það er miðlína vegarins. Því má ætla að dysin (kumlið?) lendi rétt utan vegarins, eða jafnvel í vegkanntinum.

Rústin er 30 m frá fyrirhugaðri veglínu, eða miðju hennar. Hún er því í mikilli hættu. Hægt væri að færa veglínuna til vesturs og sleppa þannig við rannsókn á rústinni.

Í svonefndri Jónslág, sunnan undir Klaknum, er yfirsléttuð stekkur, nr. 43:1, kallaður Jónslágarstekkur. Hugsanlega eru leifar af stekknunum undir grasrótinni og því þarf fornleifafraeðingur að vera viðstaddur þegar jarðrask hefst á staðnum. Finnist einhverjar leifar þarf að kanna þær með ljósmyndun, einföldum teikningum og hugsanlega sýnatöku til aldursgreininga. Hægt er að komast hjá þessu með því að færa veginn til suðurs.

Áformuð heimreið heim að Kolgröfum fer býsna nærri trúlegum mógröfum, sem merktar eru með X á mynd 2 og fylgiriti. Mælt er með því að halda veginum eins ofarlega og hægt er, eða meir en 50 m frá ströndinni þar sem mógrafirnar eru.

Leið 2 og 3.

Verði leið 2 eða 3 valin er mælt með eftirfarandi mótvægisáðgerðum.

Sömu aðgerðir þarf við fornleifar nr. 34:1-2 og að ofan.

Kolgrafir eru landnámsjörð og þar gætu fornleifar leynst undir grassverðinu þó þær sjáist ekki við vettvangsathugun nú. Mælt er með því að halda sig við núverandi veg þar sem hann fer hjá bænum og gæta

Þess að athafna sig ekki út fyrir hann. Svæðið austan megin við veginn er trúlega án fornleifa og gefur því vissa möguleika á athöfnum. Verði ekki hægt að komast hjá jarðraski vestan við núverandi veg er mælt með því að fornleifafræðingur verði á vettvangi þegar framkvæmdir hefjast á þessum stað. Finnist fornar fornleifar getur það haft talsverðar seinkanir í för með sér.

Við fornleifar nr. 35:1-4 eru trúlega leifar af óþekktu eyðibýli. Aðeins rúst nr 35:1 er í mikilli hættu og hún hefur þegar laskast vegna fyrri vegaframkvæmda. Mælt er með því að færa veginn til austurs og lagfæra réttina.

Fornleifar nr 37:1-2 eru fornar og gæta skal þess að raska þeim ekki á nokkurn hátt. Mælt er með því að athafnir í tengslum við vegaframkvæmdirnar verði ekki austan við núverandi veg Mjög líklegt er að fleiri fornar minjar séu nálægt þeim skráðu.

Niðurstaða

Alls fundust 12 staðir með 24 fornleifum á eða við hinar fyrirhuguðu veglínur um Kolgrafafjörð.

Hvort sem leið 1, 2 eða 3 verða fyrir valinu er mótvægisáðgerða þörf, allt frá einfaldri athugun að ýtarlegum fornleifauppgreftri. Í nokkrum tilfellum er mælt með því að færa veglínur.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða efnisgeymslur of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa.

Heimildir

- Berserkseyri. Þorleifur Jóhannesson skráði. *Örnefnaskrá*.
Örnefnastofnun.
- Byggðir Snæfellsness*. Búnaðarsamband Snæfellinga. Reykjavík 1977.
- Eiði. Þorleifur Jóhannesson skráði. Örnefnastofnun.
- Eyrarbotn og Hrafnkelsstaðir. Þorleifur Jóhannesson skráði.
Örnefnastofnun.
- Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd –
Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík
1990.
- Haraldur Matthíasson. *Landið og Landnáma*. Reykjavík 1982.
- Hjarðarból. Þorleifur Jóhannesson skráði. Örnefnastofnun.
- Íslendingabók – Landnámabók*. Íslensk fornrit. I. bindi. Jakob
Benediktsson gaf út. Reykjavík 1968.
- Íslenskt fornbréfasafn*. V.Bindi. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857-76.
- Sama. . VI. Bindi. Reykjavík 1900-1904.
- Sama. . VIII. Bindi. Reykjavík 1906-1913.
- Sama. . IX. Bindi. Reykjavík 1909-1913.
- Sama. . XII. Bindi. Reykjavík 1923-32.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. VI. Bindi.
Kaupmannahöfn 1931-33.
- Karl Þorleifur Kristjánsson. Formálsorð. [Skrá um örnefni og sagnir
á Hjarðarbóli]. Bréf dags. 10. mars 1981. Örnefnastofnun.
- Kolgrafir. Þorleifur Jóhannesson skráði. Örnefnastofnun.
- Manntal á Íslandi árið 1703*. Reykjavík 1924-1947.
- Túnakort*; Berserkseyri, Kolgrafir, Eiði og Hjarðarból. Þjóðskjalasafn

Íslands.
Sýslu- og sóknarlýsingar. Snæfellsnes III. Reykjavík 1970.
Þjóðminjalög 1989, nr. 88, 29 maí. Með síðari breytingum.

Fylgirit:

Kort í mælikvarðanum 1: 12 500 með eins nákvæmri staðsetningu og hægt var. Kortið er aðeins í einu eintaki (eins kort og mynd nr. 2 sýnir).